



Fundargerð

198. fundur stjórnar HEF ehf haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 25. nóvember 2015 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Karl Lauritzson, Guðbjörg Björnsdóttir +1 , Skúli Björnsson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. Innkomin erindi og fundargerðir, frestun frá fundi nr.197
2. Skýrsla framkvæmdastjóra, væntanlegar framkvæmdir, bygginga- og skipulagsmál
3. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl. 12:00

Gunnar Jónsson stýrði fundi.

1. Innkomin erindi og fundargerðir, frestun frá fundi nr. 197

- a) Lagður fram undirritaður rammasamningur um væntanleg viðskipti dags 20.11.2015 við Ylströndin ehf.
- b) Bókun bæjarráðs varðandi vatnsból í Grafarlandi þar sem mælt er til að HEF ehf. taki virkjun og nýtingu til skoðunar. Framkvæmdastjóri upplýsti að hann sé búinn að skoða aðstæður og gera frumhönnun. Stjórn samþykkir að verkið verði unnið í samræmi við hugmyndir framkvæmdastjóra.
- c) Erindi frá Hollvinasamtökum um heilbrigðisþjónustu á Fljótsdalshéraði ósk um styrk til að kaupa sónartæki. Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 300.000,-.
- d) Fundargerð 4 fagraðs fráveitna – lagt fram til kynningar
- e) Fundargerð 3 fagraðs hitaveitna – lagt fram til kynningar
- f) Fundargerð 3 fagrað vatnsveitna – lagt fram til kynningar



2. Skýrsla framkvæmdastjóra, væntanlegar framkvæmdir, bygginga- og skipulagsmál

- a) Veitulagnir vegna uppbyggingar á Ylströnd við Urriðavatn. Stjórn HEF ehf. bendir á að ekki liggur fyrir deiliskipulag á iðnaðarsvæði frá Smiðjuseli að Valgerðarstaðarás. Til að hægt sé að gera lagnahönnun á sem hagkvæmastan hátt þarf í það minnsta að liggja fyrir áætlun um fyrirhugaðar götur og gangstíga.
- b) Framkvæmdastjóri fór yfir lausar lóðir á Egilsstöðum og Fellabæ með frágengnum lögnum og götum. Stjórn óskar eftir að komið verði á fundi með forsvarsáðilum á Umhverfis- og framkvæmdasviði.

3. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri fór yfir framlagt orlofsyfirlit. Stjórn leggur til að það sem er útistandandi óuppgert verði komið í jafnvægi við lok orlofsárs 30. apríl 2016.
- b) Næsti fundur 9. desember 2015

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 14:00.

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson